

30. svæði: a. Húsavík
1. apríl—15. nóvember
b. Flatey
1. apríl—15. nóvember
34. svæði: Vopnafjörður
15. maí—31. október
43. svæði: Þorlákshöfn
1. marz—11. maí

42

23. marz

5. gr.

Stafliður g. í 3. gr. færast aftur og verði stafliður h, en nýr stafliður g. orðist svo:

g. Fyrir skip í XVI. og XVII. flokki

1. svæði: Berufjörður—Ingólfshöfði
1. marz—31. maí
2. svæði: Dyrhólaey—Látrabjarg
1. marz—31. maí
3. svæði: Dyrhólaey—Langanes (vestur um land)
1. júní—30. september

6. gr.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 132 4. október 1958 og reglugerð nr. 5 21. janúar 1959, báðar um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 23. marz 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 224 26. okt. 1950, um síldveiðideild
hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

43

23. marz

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda síldveiðar með herpinót, hringnót og reknet.

2. gr.

3. grein orðist svo:

Veiðisvæði sumarsíldveiða skal vera eitt fyrir allt landið fyrir þau skip, sem veiða með herpinót eða hringnót. Bótasvæði fyrir síldveiðiskip, sem veiðar stunda með reknetjum, skal ná frá Dyrhólaey að Hornbjargi.

Bótatímabil er tvö:

Frá 15. maí til 30. september og
frá 1. október til 22. desember.

43

23. marz

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðiskipum á sumarsíldveiðum með herpinót eða hringnót skal skipta í flokka, sem hér segir:

1. fl. Herpinótaskip.
2. — Hringnótaskip.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatrygginga-sjóð bátaútsvegsins, sbr. lög nr. 38 24. maí 1958, um breyting á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 23. marz 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

44

24. marz

REGLUGERÐ

um stefnuljós á bifreiðum.

1. gr.

Á bifreið skulu vera stefnuljós af einhverri eftirtaldrá gerða:

- a. Ljósker sitt hvorum megin framan og aftan á bifreið. Skulu þau lýsa með hvítu eða rauðgulu ljósi með vissu millibili fram fyrir og rauðu eða rauðgulu ljósi aftur fyrir bifreiðina.
- b. Ljósker eitt eða fleiri á hvorri hlið bifreiðar, er lýsi fram og aftur eins og segir í a.-lið.
- c. Hreyfanlegur armur á hvorri hlið bifreiðar. Armarnir skulu vera með rauðgulu ljósi, þegar þeir eru í láréttri stöðu eða sveiflast upp og niður.

Tíðni ljósa samkvæmt a.- og b.-lið skal vera 60—120 rið á mínútu. Stefnuljós-ker skulu staðsett þannig, að ljósin sjáist greinilega frá stöðum á framlengdri miðlengdarlinu bifreiðar, 10 metra fyrir framan og 10 metra fyrir aftan hana. Á vörubifreið með opnum palli skal miðað við, að hann sé hlaðinn að yztu brún. Ljós frá stefnuljóskerum samkvæmt a.- og b.-lið skal vera sýnilegt, einnig í sólskinu, í 30 metra fjarlægð. Ef nauðsynlegt er, má nota saman stefnuljós samkvæmt a.—c.-liðum. Stefnuljós samkvæmt a.- og b.-lið megi ekki vera hærra yfir akbraut en 175 cm. Bifreiðaeftirlitið getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst hættulaust.

Ef stefnuljós eru ekki tengd stýrisbúnaði eða tímarofi stöðvar ekki merkjagjöf, skulu þau tengd sérstökum ljósa- eða hljóðmerkjabúnaði, er gefi öikumanni til kynna, hvenær þau eru í notkun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 1958, öðlast þegar gildi.

Í dómsmálaráðuneytinu, 24. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gústav A. Jónasson.